

Verkefni: Stjórnarfundur Gíggunnar
Dagsetning fundar: 3. mars 2014.
Tímasetning fundar: kl. 18:00 - 19:30
Fundarstaður: Melgerði 16, 108 Reykjavík

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Þórhildur Kristjánsdóttir (ÞK)	formaður	Skype
Dagbjört Ottósdóttir (DO)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Guðlaug Ásgeirsdóttir (GÁ)	gjaldkeri	Mætt
Ragnheiður Helgadóttir (RH)	meðstjórnandi	Fjarverandi
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	vefstjóri	Mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

1. Styrkbeiðni frá landsmótsnefnd.

Landsmótsnefnd hafði samband við Gígguna og óskaði eftir styrk vegna landsmótsins þ.e. vegna landsmótslagsins. Gengið hefur verr en búist var við að fá styrki vegna landsmótsins. Landsmótslagið kostar 455.000 ásamt ferðakostnaði kr. 150.000 hjá höfundi. Hafa þarf samband við landsmótsnefnd um kostnaðinn þar sem hann er ansi hár miðað við þau lög sem Gígjan hefur látið semja. Rætt var um hvort Gígjan yrði samningsaðili framvegis við höfunda landsmótslaga. AG ætlar að hafa samband við Snæfríði hjá Kvk Akureyrar. Ekki verður reglum tónverkasjóðsins breytt þ.e. að hægt sé að sækja um að hámarki 33% af kostnaði við lög sem samin eru fyrir kvennakóra. Afgreiðslu er frestað.

2. Fánar og barmmerki.

Kostnaður vegna fánanna er ekki alveg kominn á hreint. Gera á 50 borðfána og síðan stóran fána. Merkismenn eru með hagstæðasta verðið og verða fánarnir pantaðir þaðan. Stóri fáninn verður pantaður í gardínuhólk sem er mjög þægilegur að ferðast með og setja upp. Áætlað er að panta 1.000 barmmerki. ÞK heyrir í Önnu Laxdal og ýtir þessu af stað.

3. Einblöðungur.

AG er búin að útbúa beinagrind af einblöðungi. Farið var yfir og stjórnin er sátt við innihaldið. AG sendir okkur endanlegt eintak til yfirlestrar. AG ætlar að prenta út einblöðunginn.

4. Landsmót 2017.

Stjórnin þarf að vera í sambandi við aðildarkórana sem fyrst og athuga hvaða kór er tilbúinn að halda landsmótið árið 2017. Búið er að senda út póst til allra aðildarkóranna.

5. Heiðursviðurkenning.

Stjórnin þarf að ákveða hvort veita eigi heiðursviðurkenningu á landsmótinu. Ekki var tekin ákvörðun og verður stjórnin í sambandi vegna þeirrar ákvörðunar.

6. Félagsfundur og formannafundur.

Á félagsfundi þarf að kynna vefsetur Gígjunnar og ætlar ÞK að sjá um það. Senda þarf póst á formenn um hvort þeir vilji ræða eitthvað sérstakt á formannafundinum.

7. Regnhlífasamtök.

Dagbjört mætti fyrir hönd stjórnarinnar á fund vegna regnhlífasamtakanna. Karlakórssambandið var ekki mjög spennt fyrir þessum samtökum eins og hugmyndir að þeim hafa verið lagðar fram. Organistar vilja ekki vera með í þessum samtökum sökum lágrar innkomu hjá þeim. Allir voru sammála um að 50% starfsmaður væri besti kosturinn en kostnaðurinn er töluverður. Stjórnin taldi að allir þyrftu að vera með til að þessi samtök borguðu sig. Á fundinum var verið að ræða um 150.000 í kostnað á mánuði fyrir utan það að byrjunarkostnaðurinn yrði hærri. Spurning er hvort hægt yrði að fá menntamálaráðuneytið til að vera með í að greiða þennan kostnað. Fundur verður aftur haldinn 21. mars vegna samtakanna. Fyrirspurn sem kom frá erlendum kór til Gígjunnar verður vísað á ferðaskrifstofu t.d. Bændaferðir. DO ætlar að finna út ferðaskrifstofu sem er til í að taka að sér svona mál og jafnvel vera í samvinnu við Gígjuna.

7. Vefsetur.

Heiða Gunnarsdóttir getur ekki lengur haft yfirumsjón með vefsetrinu þ.e. að gera breytingar á síðunni. Stjórnin þarf að fá fyrirtækið sem er með hýsinguna til að laga það sem þarf. AG verður í sambandi við Heiðu upp á að fara yfir það sem þarf að breyta á síðunni.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 19:30

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir